

## Seðlabankinn lækkar vexti

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 1 prósentu. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 5,5% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 6,75%. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga lækka í 7,0% og daglánavextir í 8,5%.

Verðbólga hefur lækkað verulega undanfarna mánuði. Þannig minnkaði tólf mánaða verðbólga úr 7,5% í maí í 4,8% í júlí, eða í 4% ef áhrif hærri neysluskatta eru frátalin. Þetta er hraðari hjöðnun verðbólgu en gert var ráð fyrir í máispá Seðlabankans, sem stafar að verulegu leyti af sterkara gengi krónunnar en reiknað var með. Samkvæmt uppfærðri verðbólguþá, sem birtist í *Peningamálum* í dag, verður verðbólga án áhrifa neysluskatta við markmið bankans í lok árs og komin nokkuð undir það snemma á næsta ári. Verðbólguvæntingar hafa einnig lækkað verulega að undanförmu.

Viðskiptavegið meðalgengi krónunnar hefur styrkst um rúmlega 2½% frá síðasta fundi nefndarinnar í júní og um rúmlega 2% gagnvart evru, án viðskipta Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði. Á sama tíma hefur vaxtaálag á skuldbindingar ríkissjóðs lítið breyst. Gjaldyrishöftin, þróun viðskiptajafnaðar og -kjara, ásamt vaxtamun við helstu viðskiptalönd Íslands halda áfram að styðja við gengi krónunnar.

Minni verðbólga, lægri verðbólguvæntingar, sterkara gengi krónunnar og horfur á hraðari hjöðnun verðbólgu en áður var reiknað með gefa færi á meiri vaxtalækkun en að jafnaði undanfarið ár. Hjaðnandi verðbólga og verðbólguvæntingar hafa leitt til þess að raunvextir Seðlabankans hafa hækkað frá síðustu vaxtaákvörðun. Þótt efnahagsbati virðist hafinn er hann enn sem komið er veikur og horfur eru á að slaki verði til staðar í þjóðarbúskapnum á næstu árum.

Miðað við verðbólguhorfur eru vextir Seðlabankans enn nokkuð háir og rök fyrir áframhaldandi lækkun þeirra. Á móti kemur að ekki er enn ljóst í hve miklum mæli nýleg verðbólguhjöðnun endurspeglar skammtímapætti. Þá verður að hafa í huga að þegar að því kemur að losa um gjaldyrishöft verður áhættuveginn vaxtamunur á milli Íslands og útlanda að styðja nægilega við krónuna. Hins vegar er enn nokkur óvissa um hvenær hægt verður að byrja að leysa höftin. Því er erfitt að fullyrða hvað fyrirhuguð losun hafta felur í sér fyrir vaxtastefnuna næstu mánuði.

Að lokinni þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins munu forsendur fyrir afnámi gjaldyrishaftra vera til staðar hvað varðar gjaldeyrisforða og þjóðhagslegan stöðugleika. Hins vegar er enn töluverð óvissa um styrk fjármálakerfisins í kjölfar nýlegra dóma Hæstaréttar. Því er þörf á að endurskoða fyrirbyggjandi áætlun um afnám gjaldyrishaftra í ljósi breyttra aðstæðna og þeirrar seinkunar sem þegar er orðin.

Eins og fram kom í síðustu yfirlýsingu peningastefnunefndar er mikilvægt á komandi misserum að auka þann hluta gjaldeyrisforða Seðlabankans sem ekki er fenginn að láni. Gengishækkun krónunnar og lækkun áhættuálags á íslenskar fjárskuldbindingar gefa nú svigrúm til gjaldeyriskaupa í þessu skyni og munu þau hefjast hinn 31. ágúst næstkomandi. Umfang þeirra verður ákveðið með það að leiðarljósi að áhrif á gengi krónunnar verði sem minnst.

Eins og áður telur nefndin forsendur áframhaldandi slökunar peningalegs aðhalds vera til staðar, haldist gengi krónunnar stöðugt eða styrkist og hjaðni verðbólga eins og spáð er. Nefndin er reiðubúin til þess að breyta aðhaldi peningastefnunnar eins og nauðsynlegt er með hliðsjón af því tímabundna markmiði hennar að stuðla að gengis-  
stöðugleika og í því skyni að tryggja að verðbólga verði nálægt markmiði til lengri tíma litið.